

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1994

19. desember 1994

2617

Nr. 643

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390 14. ágúst 1991
um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með síðari breytingum.

1. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts, sérstaks fasteignaskatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

- meðaltal á hvern íbúa í Reykjavík.
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 10.000 íbúa og yfir, öðrum en Reykjavík.
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300-9.999 íbúa.
- meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við ákvörðun meðaltals í sveitarfélögum skv. c- og d-lið skal meiriháttar fasteignaskattsálagningu vegna virkjana og stórfyrirtækja sleppt í viðmiðuninni, enda hafi slík álagning veruleg áhrif á viðmiðunartekjur viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 96% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr., skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag, sem nemi allt að mismuninum.

Fjárhæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af þeim fjármunum sem Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga hverju sinni.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar skal við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1995 byggt á 13. gr. eldri reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 390/1991 sbr. breytingu nr. 590/1993 og viðmiðun félagsmálaráðuneytisins, sem fram kemur í auglýsingu þess nr. 589 29. desember 1993 um reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga

1994. Við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1995 skal beitt sömu reglum hvað varðar eðlilega nýtingu fasteignaskatts og byggt var á við ákvörðun tekjujöfnunarframlaga árið 1994.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1991 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Ákvörðun um tekjujöfnunarframlög skv. 1. gr. reglugerðar þessarar koma fyrst til framkvæmda árið 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.